





ORKUGERÐIN EHF.

Fyrirspurn um matsskyldu

10.10.2025



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

2480-013-BRE-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/17

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Ólafur Wernersson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Páll Höskuldsson

LYKILORÐ

Úrgangur, aukaafurðir dýra, kjötmjöl, fita

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Drög
☐ Drög til yfiriestrar
☒ Lokið

DREIFING

- ☐ Opin
☒ Dreifing með leyfi verkkaupa
☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Orkugerðin ehf.

VERKHEITI

Orkugerðin - Fyrirspurn um matsskyldu

VERKKAUPI

Orkugerðin ehf.

HÖFUNDUR

Páll Höskuldsson

ÚTDRÁTTUR

Til stendur að auka við framleiðslumagn Orkugerðarinnar ehf. í Flóahreppi, þannig að í stað þess að taka á móti 14.000 tonnum af hráefni á ári, eins og heimild er fyrir í starfsleyfi verksmiðjunnar í dag, þá verði gert ráð fyrir að framleiða úr allt að 18.000 tonnum af hráefni. Yfirvöld hafa boðað bann við urðun dýraleifa eftir næstu áramót en skortur hefur verið á öðrum ráðstöfunarleiðum. Orkugerðin vill vera tilbúin að taka á móti auknu magni af dýraleifum þar sem gera má ráð fyrir að sláturleyfishafar muni leita til Orkugerðarinnar um móttöku dýraleifa sem áður hefðu farið í urðun. Framkvæmdirnar eru fyrirspurnarskyldar skv. tölulið 11.12 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMPYKKT	DAGS.
01	Páll Höskuldsson	08.10.25	Aron Geir Eggertsson	10.10.25	Páll Höskuldsson	10.10.25

1 INNGANGUR

Orkugerðin ehf. rekur kjötmjölsverksmiðju við Heiðargerði í Flóahreppi skammt frá Selfossi. Í verksmiðjunni er framleitt próteinmjöl og fita úr dýraleifum. Framleiðslan hófst árið 2000. Próteinmjölið eða kjötmjölið er notað sem áburður til uppgræðslu og fitan er notuð sem eldsneyti til orkuframleiðslu í versmiðjunni og hluti af henni er seldur úr landi til lífdísselframleiðslu.

Verksmiðjan er með starfsleyfi til framleiðslu úr 14.000 tonnum af hráefni á ári en fyrirhugað er að auka framleiðslugetuna þannig að hægt verði að framleiða úr 18.000 tonnum af hráefni á ári. Ástæður fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar stafa af aukinni eftirspurn eftir móttöku og meðhöndlun á lífrænum úrgangi þar sem urðun á honum hefur verið takmörkuð og skortur er á úrvinnsluleiðum. Í raun hefur urðun dýraleifa verið bönnuð frá á árinu 2011 en hefur engu að síður viðgengist vegna skorts á ráðstöfunarleiðum. Nú hafa yfirvöld gefið út að þau muni fylgja þessu banni fast eftir frá og með næstu áramótum sem mun kalla á aukna eftirspurn fyrir móttöku dýraleifa.

Framkvæmdin fellur undir tölulið 11.12 í 1. viðauka við lög 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í töluliðnum segir „Endurnýting úrgangs þar sem meðhöndluð eru meira en 500 tonn af úrgangi á ári“ og er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu skv. 6. gr. laganna.

Starfsemin er starfsleyfisfiskskyld og veitir Umhverfis- og orkustofnun starfsleyfi fyrir starfseminni samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit en þar fellur starfsemin undir viðauka I, lið 6.5 „Förgun eða endurvinnsla dýraskrokka eða dýraúrgangs þar sem afkastageta er yfir 10 tonnum á dag“. Nýtt starfsleyfi var gefið út af Umhverfisstofnun 13. desember 2019 og gildir til 13. desember 2035. Starfsleyfinu var síðan breytt 7. september 2022, þar framleiðsluaukning var heimiluð úr 7.000 hráefnistonnum í 14.000 hráefnistonn. Fyrir breytinguna var Skipulagsstofnun send greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna afkastaukningarinnar. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kom fram að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því var framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

2 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD OG FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1 Framkvæmdasvæðið og staðsetning mannvirkja

Orkugerðin ehf. er staðsett að Heiðargerði í Flóahreppi, um 7 km austan við Selfoss, sjá mynd 1. Helstu nágrannar verksmiðjunnar eru bærinn Hraungerði sem er um 700 m norðaustur af verksmiðjunni. Lambastaðir sem eru um 700 m austan við verksmiðjuna og Skeggjastaðir sem eru um 300 m austar. Hraungerðisskóli og Þingborgir eru um 800 m suðaustur af verksmiðjunni. Bollastaðir og Langstaðir eru um 1,4 km vestan við verksmiðjuna og Litlu - Reykir eru um 2,4 km norðan við. Volastaðir eru um 500 m suðvestur af verksmiðjunni en enn lengra er síðan í bæi sem eru þar sunnan við. Stærð lóðar er um 6.400 m² og byggingar samanstanda af móttökurými, framleiðslurými og ketilhúsi, samtals um 850 m².



MYND 1 Staðsetning Orkugerðarinnar ehf. (rauður depill) nálægt Þjóðveg 1, Suðurlandsvegi í Flóahreppi.



MYND 2 Ljósmynd af verksmiðjubyggingu, móttökurými til hægir á mynd og framleiðslurými til vinstri.

sóttþreinsun. Í dag er unnið úr rétt um 14.000 tonn af hráefni árlega sem er hámarks magn skv. núverandi starfsleyfi. Unnið er á sólarhringsvöktum fimm virka daga vikunnar. Til að auka afköst verksmiðjunnar er gert ráð fyrir að vinna einnig um helgar.

Í sjóðurunum sem eru staðsettir í hreina svæði verksmiðjunnar er nánast allt vatn soðið úr hráefninu og það hitað undir þrýstingi. Þar fer gufa sem er um 60-70% af þunga hráefnisins upp í lofthreinsibúnaðinn. Það efni sem kemur úr sjóðurunum er að meðaltali 14% fita og 18% mjöl af innmötuðu hráefni. Þessi hlutföll eru breytileg eftir hráefnissamsetningu. Fitan og mjölið eru síðan skilin að í pressu. Fita fer síðan í díkanter skilju til hreinsunar og þaðan á upphitaða birgðatanka (40°C). Mjölið fer inn á millu og þaðan inn á mjölsíló til geymslu og loks til pökkunar í sekki. Í verksmiðjunni eru þrír sjóðarar.

Í verksmiðjunni eru 2 sjóðarar sem taka þrjú tonn og einn sem tekur fimm tonn af hráefni. Suðu og þurrktími er 180 +/-50 mínútur eftir tegund hráefna en miðað er við að enda með 10% rakastig. Tími við hleðslu og losun er um 20 mínútur. Algeng afköst á sólarhring eru 50-70 tonn.

Afurðir eru eins og áður segir fita og próteinríkt mjöl. Mjölið er mest notað í skógrækt og landgræðslu á Suðurlandi. Einnig hefur áhugi bænda við að nota á mjölið við túngrækt aukist vegna mikilla hækkunar á verði innflutts áburðar. Fita hefur verið nýtt að hluta í eigin orkuframleiðslu, en ekki næst að nýta hana alla og því er hluti hennar seldur úr landi þar sem hún er endurnýtt í framleiðslu á lífdísels eða í orkuvinnslu.

Aukning á framleiðslugetu úr 14.000 t/ár af hráefni í 18.000 t/ár mun ekki hafa í för með sér miklar breytingar á verksmiðjunni. Notast verður við sama búnað og húsakost og framleiðsluaukning mun að mestu nást með lengri keyrslutíma þar sem gert er ráð fyrir að keyra verksmiðjuna að staðaldri allan sólarhringinn alla daga vikunnar, bætt er við keyrslu um helgar sem ekki er venjan í dag.

2.4 Frárennsli og hreinsibúnaður

Fráveituvatni frá verksmiðjunni má skipta í fjóra hluta:

1. Þéttivatn frá sjóðurum. Vatnið er þéttur eimur frá sjóðurum og inniheldur mjög lítið magn efna. Magn þéttivatns frá sjóðurum er áætlað um 1 m³/klst. Vatnið er leitt í fitugildru og siturbeð.
2. Vatn sem kemur frá þvotti og hreinsun vélbúnaðar og svæða í verksmiðjunni. Öllu þvottavatni er í dag safnað í tank og dælt inn á sjóðara þar sem vatnið er soðið upp þannig það umbreytist í gufu. Þegar vatnið þéttist aftur fer það út með öðru þéttivatni í fitugildru og siturbeð, en þurrefnin fara aftur inn í framleiðsluferilinn. Spilliefnum er haldið frá frárennsli.
3. Vatn frá þvotti í ketilhúsi og niðurbæstri af kötlum er leitt í fitugildru og þaðan í rotþró. Um óverulegt magn er að ræða og tiltölulega hreint vatn.
4. Skólp frá starfmannaaðstöðu er veitt í sér kerfi í rotþró á lóð fyrirtækisins og er hún tæmd reglulega.

2.5 Fastur úrgangur

Lítill sem enginn úrgangur fylgir starfseminni. Gölluð framleiðsluvara eins og soðkaka sem ekki er hægt að skilja í fitu og mjöl, er nýtt sem áburður í lífræna ræktun. Rekstrarúrgangur er flokkaður með því markmiði að endurnýta og/eða endurvinnna eins mikið og hægt er og honum skilað í viðurkennda farvegi til móttökustöðva. Magn óflokkaðs úrgangs til förgunar er áætlað um 5.000 kg sem telst óverulegt.

2.6 Útblástur

Losun efna í andrúmsloft stafar af eftirfarandi þáttum:

1. Innloft frá vinnurými verksmiðju sem blásið er út um skorstein. Um er að ræða tiltölulega hreint loft með lyktarefnum. Þessu lofti getur fylgt nokkur ólykt og fer það í dag óhreinsað út um skorstein. Til stendur að setja upp lífsíu (Bio filter) fyrir þennan lofstraum á næstunni. Lífsían er öflugur og algengur búnaður til lyktareyðingar og eftir uppsetningu hennar er gert ráð fyrir að lyktarmengun frá útblæstri verði hverfandi.
2. Loftstraumur frá sjóðurum fer í gegnum hreinsibúnað fyrir losun. Hreinsibúnaðurinn samanstendur af skilvindu þar sem þyngri agnir falla út. Þá fer loftið gegnum eimsvala sem þéttir rakann sem síðan fellur niður í fráveitu frá búnaðinum. Óþéttanlegar gastegundir fara í gegnum vothreinsibúnað þar sem gasið er þvegið, fyrst með sterkri sýru, þar næst með lút og í lokin með klór. Eftir vothreinsun fer gasið svo í gegnum lyktareyðingu (ósontæki) sem eyðir mestu lyktinni sem eftir er.
3. Útblástur frá brennara við gufuketil sem fer út um skorstein. Útblásturinn inniheldur lágt innihald brennisteins og sóts þar sem notast er við fitu (lífeldsneyti) við gufuframleiðsluna.

2.7 Leyfisveitingar

Fyrirtækið er í dag með starfsleyfi útgefið af Umhverfis- og orkustofnun í samræmi við reglugerð nr. 750/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit með nánari vísan í viðauka I, lið 6.5 í reglugerðinni. Starfsleyfið heimilar framleiðslu úr allt að 14.000 tonnum af hráefni á ári og gildir til 13. desember 2035. Vegna fyrirhugaðrar afkastaaukningar mun fyrirtækið sækja um breytingu á núverandi starfsleyfi eftir að niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggur fyrir.

Fyrirtækið er einnig með leyfi fyrir framleiðslunni frá Matvælastofnun í samræmi við 4. gr. laga nr. 22/1994.

3 MAT Á UMhverfisÁhrifum

3.1 Aðferðafræði umhverfismats

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Samkvæmt lögum og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar þarf að miða við eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar við ákvörðun um matsskyldu. Við mat á hugsanlegum áhrifum framkvæmdar var stuðst við skilgreiningar Skipulagsstofnunar á einkennum áhrifa og vægi áhrifa eins og sjá má í töflunum hér að neðan.

TAFLA 1 Hugtök yfir vægi áhrifa sem stuðst er við þegar mat er lagt á umhverfisáhrif framkvæmda

VÆGI ÁHRIFA / VÆGISEINKUNN	SKÝRING
Veruleg jákvæð	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. - Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. - Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð jákvæð	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. - Áhrifin geta verið jákvæð fyrir svæðið og/eða geta verið jákvæð fyrir fjölda fólks. - Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum afturkræf. - Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. - Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. - Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. - Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin.

	Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Talsverð neikvæð	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti taka ekki til umfangsmikils svæðis, en svæðið kann að vera viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja. - Áhrifin geta verið neikvæð fyrir svæðið og/eða geta valdið fjölda fólks ónæði eða óþægindum. - Áhrifin geta verið varanleg og í sumum tilfellum óafturkræf. - Áhrif geta verið stað-, svæðisbundin og/eða á landsvísu. - Áhrifin geta að einhverju leyti verið í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Veruleg neikvæð	- Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrufars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fjölda fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. - Áhrif eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. - Áhrifin eru í ósamræmi við ákvæði laga og reglugerða, almenna stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óvissa	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.

3.2 Framkvæmdaþættir sem valda áhrifum

Þeir þættir framkvæmdarinnar sem valdið geta umhverfisáhrifa eru umferð flutningabíla, rekstur verksmiðjunnar (áhrif á hljóðvist og lykt), aukið úrgangsmagn, aukið magn fráveituvatns, auk áhrifa á framkvæmdatíma. Ekki verða gerðar neinar breytingar á núverandi byggingum og engum nýjum byggingum bætt við. Því eru sjónræn áhrif umfram það sem er í dag talin vera engin.

3.3 Umhverfisþættir

Þeir þættir umhverfisins sem eru líklegastir til að verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar eru eftirfarandi:

- Umferð
- Hljóðvist
- Grunnvatn/viðtaki fráveituvatns
- Losun í andrúmsloft og lykt
- Samfélag

3.4 Möguleg umhverfisáhrif

3.4.1 Umferð

Starfseminni fylgir nokkur umferð flutningabíla til og frá móttökustöðinni. Lóðin er á skipulögðu iðnaðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir umferð þungaflutninga eins og mun fylgja þessari starfsemi.

Gera má ráð fyrir að hver flutningabíll flytji um 3-8 tonn og er áætlaður fjöldi bíla eftir afkastaaukningu verði á dag 6-19 sem telst ekki óeðlilega mikið miðað við að um iðnaðarsvæði er að ræða. Auk þess er svæðið stutt frá þjóðvegi 1 og er akstur flutningabíla á mjög stuttum kafla á sveitavegi. Áhrif umferðar eru því talin óverulega neikvæð.

3.4.2 Hljóðvist

Einhver hávaði mun koma frá vélum og vinnslubúnaði. Enginn búnaður eða starfsemi er þannig að um sé að ræða óvenju mikinn hávaða þannig að fara þurfi í aðgerðir til að draga úr hávaðanum. Langt er í næstu íbúðabyggð og er gert ráð fyrir að hávaði verði undir þeim mörkum sem gefin eru upp í íslenskum reglugerðum og þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi. Aukin framleiðsluafköst verksmiðjunnar munu ekki kalla á hærra hljóðstig og því áhrif á umhverfispáttinn óveruleg.

3.4.3 Grunnvatn/viðtaki fráveituvatns

Allt frárennslisvatn frá verksmiðju er hreinsað með eimingu áður en það er leitt í gegnum fituskilju og síðan í siturbeð. Vatnið inniheldur hvorki þungmálma né þrávirk lífræn efni. Eftir hreinsun inniheldur vatnið lítilsháttar magn af lífrænum efnum sem auðveldlega brotna niður í náttúrunni og því ekki gert ráð fyrir áhrifum á umhverfið. Starfsemin er fjarri sjó og því ekki talin vera hætta á bráðamengun sjávar sbr. lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Spilliefnum er haldið frá frárennslis.

Skólp frá starfsmannaaðstöðu er meðhöndlað á hefðbundin hátt í rotpró sem tæmd er reglulega og því ekki gert ráð fyrir að sérstakra áhrifa muni gæta frá skólpi.

Vegna fyrirhugaðrar aukningar í framleiðslu verksmiðjunnar má gera ráð fyrir aukningu á magni frárennslis frá verksmiðjunni. Samsetning og eiginleikar frárennslisins munu ekki breytast og er gert áfram ráð fyrir að nota sama hreinsibúnað og notaður er í dag og hefur reynst vel. Þó heildarmagn rennslis mun aukast þá mun flæðið verða óbreytt, þannig að gert er ráð fyrir að núverandi búnaður anni því. Áhrif á grunnvatn eða viðtaka fráveituvatns eru því talin óveruleg.

3.4.4 Losun í andrúmsloft og lykt

Loft frá vinnurými inniheldur lyktarefni í litlum styrk sem leitt er út um skorstein og þynnist fljótt og ætti ekki að hafa mikil áhrif út fyrir verksmiðjulóð. Engu að síður eru þau lyktarefni sem fylgja þessari starfsemi mjög óþægileg og hafa komið fram kvartanir um lyktarmengun en þeim hefur samt fækkað síðustu ár. Á síðustu árum hefur verið unnið markvist við að draga úr lyktaráhrifum. Verkferlar haf verið uppfærðir og áhersla lögð á að hráefni sem berst til verksmiðjunnar sé ferskt og unnið úr því jafnharðan til að lágmarka lyktaráhrif frá hráefnum. Verulegar lagfæringar og endurbætur hafa verið gerðar á búnaði verksmiðjunnar til að draga úr lyktaráhrifum og fyrir tveimur árum var settur upp lyktareyðingarbúnaður fyrir óþéttanlegar gastegundir frá sjóðurum, þar sem lyktarefnum í útblæstri er eytt með vothreinsun og ósoni en það er sterkt oxandi efni og er mjög víða notað til að eyða lykt. Til stendur að setja upp lífsíu (Bio filter) til lyktareyðingar á útblásturslofti frá vinnurými. Lífsían er mjög öflugur búnaður til lyktareyðingar og er gert ráð fyrir að eftir uppsetningu lífsíunnar verði lyktarmengun frá útblæstri í algjöru lágmarki. Á síðustu árum eftir að verkferlar voru uppfærðir og lagfæringar gerðar

á búnaði verksmiðjunnar hefur mun minna borist af kvörtunum um lyktarónæði. Með aukinni afkastagetu verður keyrslutíminn lengri og jafnari sem leiðir af sér stöðugri framleiðslu og minni hættu á lyktarmengun. Gera má því ráð fyrir að með uppsetningu á nýjum öflugum lyktareyðingarbúnaði verði lyktaráhrif frá verksmiðjunni hverfandi og áhrif verksmiðjunnar hvað lyktarónæði varðar eru því talin óveruleg.

Brennslugas frá brennara við gufuketil inniheldur koldíoxíð sem veldur gróðurhúsaáhrifum. Um er að ræða lítinn brennara og umhverfisáhrif því mjög lítil. Aðal brennsluefnið er fita frá framleiðslunni sem inniheldur hverfandi magn af þungmálmum og brennisteini og því gert ráð fyrir frekar hreinum bruna með lágu brennisteinsinnihaldi og sóti. Í núverandi starfsleyfi verksmiðjunnar eru ákvæði um losunarmörk (30 mín meðaltal) frá útblæstri olíubrennara við gufuketil. Í desember 2022 voru gerðar mælingar af Hafrannsóknarstofnun á þessum mengunarefnum og sjá má niðurstöður mælinganna og starfsleyfismörkin í töflu 2. Í öllum tilfellum mældist styrkur mengunarefna vel undir starfsleyfismörkum. Vegna aukinnar framleiðslugetu má gera ráð fyrir lengri keyrslutíma á gufukatlinum. Styrkur losunarefna frá brennara verður áfram sá sami sem mælst hefur vel undir losunarmörkum starfsleyfis. Heildar magn mun samt aukast um 29% en þar sem um er að ræða mjög lítinn brennara tiltölulega hreinan útblástur eru umhverfisáhrif frá gufukatli talin óveruleg.

TAFLA 2 Losunarmörk og mæling mengunarefna í útblæstri brennara gufuketils desember 2022

Mengunarefni	Losunarmörk starfsleyfis	Mæling desember 2022
Sót og ryk	100 mg/m ³	15,2 mg/m ³
Kolmónoxíð (CO)	100 mg/m ³	<0,8 mg/m ³
Köfnunarefnisoxíð; mælt sem NO ₂	400 mg/m ³	149 mg/m ³

Líkt og fram kemur í lýsingu á framkvæmdinni fylgir lítill sem enginn úrgangur starfseminni. Magn óflokkaðs úrgangs til förgunar er áætlað um 5.000 kg sem telst óverulegt, og eru áhrif þeirrar förgunar á andrúmsloft því talin óveruleg.

3.4.5 Samfélagsleg áhrif

Hráefni verksmiðjunnar eru dýraleifar frá sláturhúsum og kjötvinnslum. Í verksmiðunni er þessum úrgangi breytt í verðmætar afurðir eins og fitu og kjötmjöl. Fitan er nýtt sem orkugjafi og umbreytt í lífdísel sem sparar notkun á jarðefnaeldsneyti. Kjötmjölið er notað sem áburður við landgræðslu og sparar þar með innkaup á tilbúnum áburði sem framleiddur er erlendis og fluttur með skipum til landsins. Einnig er áhugi meðal bænda við að nýta kjötmjölið í lífrænum og hefðbundnum landbúnaði. Verksmiðjan endurvinnur úrgang sem annars færi í urðun og styður þannig við hringrásarhagkerfið þar sem leitast er við að lágmarka auðlindanotkun og þar með úrgangsmýndun. Samhliða minni urðun þessa úrgangs dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Almennt mun vera bannað að urða dýraleifar en viðgengst enn þá þar sem ekki hafa verið til staðar farvegir þar sem unnt er að taka við öllu því magni af dýraleifum sem til fellur í landinu. Starfsemi Orkugerðarinnar er því mikilvæg þar sem boðið er upp á lausnir við endurnýtingu á lífbrjótanlegum úrgangi. Aukin eftirspurn hefur verið eftir þjónustu fyrirtækisins og því stefnir fyrirtækið að því að geta aukið afkastagetuna. Samfélagsleg áhrif

verksmiðjunnar eru því talin talsverð jákvæð þar sem fyrirtækið býður upp á viðurkenndar leiðir við endurnýtingu á sláturúrgangi.

4 SAMANTEKT Á UMhverfISÁHRFIFUM OG NIÐURSTAÐA

Í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru talin upp viðmið sem taka skal tillit til þegar metið er hvort framkvæmd sem fellur undir B flokk í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana geti valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum eða ekki. Viðmiðin skiptast í þrjá yfirflokka, þ.e. eðli framkvæmdar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa. Í töflu 3 eru dregnar saman helstu staðreyndir og upplýsingar sem tengjast framkvæmdinni og skírskotað til þeirra viðmiða sem settar eru fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

TAFLA 3 Yfirlit yfir umhverfisáhrif m.v. viðmið skv. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

VIÐMIÐ SKV. 2. VIÐAUKA LAGA UM UMhverfISMAT FRAMKVÆMDA OG ÁÆTLANA	HELSTU STAÐREYNDIR OG UPPLÝSINGAR SEM TENGJAST STARFSEMI ORKUGERÐARINNAR EHF. Í FLÓAHREPPI
Eðli framkvæmdar	- Um er að ræða kjötmjölsverksmiðju sem mun taka við dýraúrgangi frá sláturhúsum og kjötvinnslum. Í verksmiðjunni er sláturúrgangur endurunninn og umbreytt í kjötmjöl og fitu. Fitin er notuð sem orkugjafi á olíubrennara verksmiðjunnar og hráefni í lífdísil. Kjötmjölið er nýtt sem áburður við landgræðslu. - Núverandi starfsleyfi verksmiðjunnar heimilar vinnslu úr 14.000 tonnum af hráefni á ári en fyrirhugað er að auka afköstin í 18.000 tonn á ári. - Starfsemin fer að mestu leiti fram innandyrar og er heildarflatarmál bygginga 850 m² og hæsta hæð í mæni 7,5 m og eru byggingar í samræmi skilmála sem settir eru í deiliskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir að stækka þurfi byggingar vegna fyrirhugaðrar aukningar í framleiðslu. - Tekið er á móti sláturúrgangi í móttökuými verksmiðjunnar. Farmarnir koma með flutningabílum, um 3-8 tonn í bíl og er áætlaður fjöldi bíla á dag 6-19. Úrgangurinn er hakkaður og soðin og skilið að fita og kjötmjöl sem eru afurðir verksmiðjunnar. Þéttivatn frá sjóðurum er leitt í gegnum fitugildru og þaðan í siturlagnir. Óþéttanlegar gastegundir frá sjóðurum er meðhöndlaðar með vothreinsun og endanum leitt í gegnum lyktareyðingarbúnað með ósoni. Innloft frá vinnurými verksmiðju eru blásið óhreinsað út um skorstein í dag, en stefnt er að uppsetningu á öflugum lyktareyðingarbúnaði þar sem notast verður við lífsíur (Bio filter). Við framleiðsluna er notuð gufa sem varmagjafi og gufan framleidd í gufukatli með brennslu á fitu. - Frárennsli sem er að mestu þéttur eimur frá sjóðurum er leitt í gegnum fitugildru og þaðan í siturbeð. - Fastur úrgangur er áætlaður um 5 tonn á ári. Úrganginum er komið fyrir í gámum og fargað með brennslu eða öðrum viðurkenndum aðferðum. - Eðli framkvæmdar er í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir.

VIÐMIÐ SKV. 2. VIÐAUKA LAGA UM UMhverfismat FRAMKVÆMDA OG ÁÆTLANA	HELSTU STAÐREYNDIR OG UPPLÝSINGAR SEM TENGJAST STARFSEMI ORKUGERÐARINNAR EHF. Í FLÓAHREPPI
Staðsetning framkvæmdar	Verksmiðjan er staðsett að Heiðargerði í Flóahreppi, um 7 km austan við Selfoss. Lóðin er skilgreind sem iðnaðarsvæði í núgildandi deiluskipulagi fyrir svæðið.
Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar	- Litlar eða engar líkur eru taldar á því að framkvæmdin valdi verulegum neikvæðum óafturkræfum umhverfisáhrifum. Helstu umhverfisáhrif eru tengd umferð, útblæstri brennslugass, lyktarónæði, frárennsli, föstum úrgangi og hávaða. Dregið verður úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og kostur er og þau talin verða óveruleg í öllum tilfellum. Framkvæmdin er talin hafa töluverð jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem starfsemin styður við hringrásarhagkerfið. Úrgangur er endurnýttur þar sem framleiddar eru verðmætar afurðir. - Verksmiðjan hefur verið rekin í meira en 20 ár og hafa engra óafturkræfra umhverfisáhrifa orðið vart á þeim tíma.

Eins og fram hefur komið eru helstu umhverfispættir sem framkvæmdin er talin hafa áhrif á, tengd umferð, lyktarónæði, frárennsli, föstum úrgangi og hávaða. Færð eru rök fyrir því að neikvæð umhverfisáhrif þessara þátta séu óveruleg og þau lágmörkuð eins og kostur er. Verksmiðjan mun hafa töluverð jákvæð samfélagslegáhrif.

Með tilliti til eðlis framkvæmdar, staðsetningar og eiginleika hugsanlegra áhrifa er ekki talin hætta á verulega neikvæðum áhrifum frá starfseminni eða þá að þau gætu talist umtalsverð.